

# Innblástur frá leirmunum

Myndlist ★★★

**Rætur, Ragnar Jónasson**

Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12

Til 20. nóv. Ópið föstudaga til til  
sunnudaga frá 13 til 17.

Ragnar Jónasson sýnir í Galleríi Ágúst, skúlptúra og málverk. Hann er búsettur í Glasgow, en þar lauk hann meistaraþráðu í myndlist fyrir þremur árum. Verk hans hafa vakið athygli og hann hefur hlotið styrki og viðurkenningar.

Ragnar vinnur með hefðbundna miðla, málverk og skúlptúr. List hans tekur að einhverju leyti mið af hönnun, er á því opna, gráa svæði milli myndlistar og hönnunar sem hefur verið myndlistarmönnum frjór jarðvegur um árabíl. Í texta með sýningunni nefnir hann sjálfur eldhúsinnréttingar frá miðri síðustu öld í tengslum við abstrakt málverk sín og leirmuni frá Glit þegar hann skrifar um skúlptúra sína.

Skúlptúrararnir eru grípandi við fyrstu sýn, frábærlega skemmtilegir, sambland af mörgu sem sést hefur síðustu ár en þó persónulegir. Hér eru lekandi línur og ávöl form, eins og sambland af blómavösum, renndum borðfótum og



**RÆTUR** Frá sýningu Ragnars Jónassonar í Galleríi Ágúst við Baldursgötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hattíföttum, verk full af skemmtilegri kímni. Áferðin er eins og leirhárið sem börn gera á figúru sínar með hvítlaukspressu, sprautaðar lengjur í litum og með áferð sem minnir einmitt á munina frá Glit frá síðustu öld. Lengjurnar gætu líka verið lekandi málning. Þetta eru stórskemmtileg verk sem fela í sér tilvísanir í margar áttir, í strauma í skúlptúr, þjóðlegar hefðir, minna jafnvel á hraundranga.

Í kringum drangana eru síðan klippiverk úr ljósmyndum þar

sem náttúran, hraun og gróður umbreytist og verða annarleg og áleitin. Einfalt bragð sem virkar vel, tengist bæði ljósmyndum eins og við höfum séð hjá t.d. Hrafnkeli Sigurðssyni og hefð landslagsmálverka. Markmiðið virðist vera að skapa einhvers konar framandleika sem jafnar við vísindaskáldskap.

Abstraktverkin eru fyrst og fremst skreytikennd og poppuð. Það er yfir þeim ferskleiki og litaleði sem bjargar þeim frá innihaldslitlu máttleysi en þau eru ekki áleitin á sama hátt og hin verkin. Eitt verk brúar bilið, þar virðist vera vaxtarsproti í áhugaverða átt.

Áhugasvið Ragnars liggur fyrst og fremst í sjónrænum og efnislegum þáttum, hann skoðar áferð, mynstur, form, línur og liti. Að baki býr ástríða myndlistarmannsins sem nær að taka verkin skrefinu lengra og marka þeim sess innan ramma frjálstra lista.

Ragna Sigurðardóttir

**Niðurstaða:** Ragnar Jónasson er listamaður sem vert er að fylgjast með. Hér sýnir hann fersk og áleitin listaverk sem vinna á mörkum hönnunar og myndlistar. Persónuleg verk sem vekja athygli fyrir nýstárlega og frumlega efnisnotkun.